# HÚSÖNDIN

10.tbl. 3.árg.
11. mars 2020

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir
sími: 8492804

## AFMÆLISBÖRN DAGANA 12.-18. MARS

12.3. Gunnar Þór Brynjarsson
Ellert Bjarki Gunnarsson, Ingimar Atli Knútsson
14.3. Ólafur Ragnarsson
15.3. Elvar Goði Yngvason
17.3. Arnþrúður Anna Jónsdóttir, Skarphéðinn Reynir Jónsson

## Aðalfundur Kvenfélags Mývatnssveitar

verður haldinn í Sel-hótel Mývatni
fimmtudaginn 19. mars kl:19:30

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Nýir félagar velkomnir
Stjórnin

# Fyrirhugaðri krabbameinsskimun á Húsavík og Þórshöfn FRESTAÐ

Okkur þykir leitt að tilkynna að áður auglýstri hópskoðun til krabbameinsskimunar sem fara átti fram á **HSN Húsavík 16.-19. mars og á HSN Þórshöfn 20. mars nk.,** verður **<u>FRESTAÐ</u>** fram á haust.

Ástæðan er fyrst og fremst sú að viðbótarálag er mikið á heilsugæslunni um þessar mundir vegna kórónaveirunnar og til að draga úr líkum á hópsmiti, verði veiran orðin staðfest á svæðinu.




Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Krabbameinsfélag Íslands, **krabb.is**

HSN

---

HREIMUR

# Karlakórinn Hreimur

Karlakórinn Hreimur heldur sinn árlega Vorfagnað á Ýdölum
28.mars kl. 20.30. Aðgangseyrir er 5000 kr.
Gestasöngvari kórsins verður Guðrún Gunnarsdóttir.
Takið daginn frá . Nánar auglýst í næstu viku.
Karlakórinn Hreimur.

# Ertu í fjármögnunar hugleiðingum?

## Vantar þig að fjármagna fyrirtæki eða þróunarverkefni?
## Ertu með hugmynd í kollinum en hefur þig ekki í hana?



## Crowberry capital

Hekla Arnardóttir kynnir nýsköpunarsjóðinn Crowberry Capital og segir frá fjárfestaumhverfinu í dag



## Karolina fund

Ingi Rafn Sigurðsson eigandi Karolina fund hópfjármögnunarsíðunnar segir frá hugmyndafræðinni og lýsir því hvernig frumkvöðlar geta fundið syllu í gegnum hópfjármögnunarsíður líkt og Karolina Fund.



## Ullarvinnslan Gilhaga

Guðrún Lilja Guðrúnardóttir og Brynjar Þór Vigfússon segja frá tilurð ullarvinnslunar í Öxarfirði sem nú er að komast á fullt skrið. Þau munu segja frá fjármögnun hugmyndarinnar en hluti hennar var framkvæmd í gegnum Indiegogo.



## Styrkir

Silja Jóhannesdóttir starfsmaður í atvinnuþróun fer yfir ýmsa styrkjamöguleika og kynnir helstu sjóðina.

**19. mars 2020 kl. 15:30-18:30**
**Staðsetning: Salka restaurant Húsavík**

**Skráning á facebook síðu SSNE**
**Síðasti skráningardagur 16.mars Verð: 9.000 kr**
SANA greiðir námskeiðsgjöld fyrir sína félagsmenn.
Minnum þátttakendur á að
kanna möguleika á styrkjum og endurgreiðslum frá Framsýn og öðrum stéttarfélögum.



Sander Neissar gjörsigraði Snaga mánaðarins fyrir febrúar og mætti alla daga, fyrir utan einn! Ótrúleg frammistaða.
Það verður gaman að sjá hvort hann nær Snaganum fyrir mars en samkeppnin er hörð eftir fyrstu níu dagana!

Kær kveðja úr Jarðböðunum

Stjórn Fjöreggs boðar til aðalfundar Fjöreggs 16. apríl næstkomandi. Venjubundin aðalfundastörf. Tillaga að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn á netfangið fjoregg@gmail.is 2 vikum fyrir aðalfund. Dagskrá verður auglýst síðar.

Með bestu kveðju
Stjórn Fjöreggs

Leik- og söngtextar
Howard Ashman

Tónlist eftir
Alan Menken

Leikstjóri
Vala Fannell

# Litla Hryllingsbúðin

Byggt á kvikmynd Roger Corman, handrit Charles Griffith.
Fyrst sett upp af WPA Theatre (Kyle Renick, framleiðslustjóri).
Fyrst sýnt í Orpheum Theatre, New York City af WPA Theatre,
David Geffen, Cameron Mackintosh og Shubert Organization

Þessi áhugaleiksýning er sett upp í samkomulagi við
Music Theatre International (Europe)

Fimmtud. 12. mars kl 20:00
Sunnud. 15. mars kl 16:00
Föstud. 20. mars kl 20:00
Laugard. 21. mars kl 16:00
Fimmtud. 26. mars kl 20:00

Fullt verð 3.000
börn/afsl. 2.000

Miðapantanir:
www.leikfelagid.is - midi@leikfelagid.is
eða í síma 464 1129
Sími miðasölu er opinn sýningardaga
2 tíma fyrir sýningar og
á mánudögum og fimmtudögum milli
17:00 og 18:00

Félagsmenn Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur þurfa að
framvísa afsláttarmiðum frá sínum félögum fyrir leiksýningu til að njóta afsláttar



Aðalfundur Félags Sauðfjárbænda í Suður-Þing verður haldin í
Seiglu á Laugum þriðjudaginn 17. mars.kl 13.00. Formaður og
framkvæmdarstjóri L.S mæta á fundinn.
Stjórnin

Kór Reykjahlíðarkirkju boðar hér með til aðalfundar þriðjudaginn 17. mars 2020 kl. 17:15 í Reykjahlíðarkirkju.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til afgreiðslu
4. Breytingar á samþykktum
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Formaður stjórnar
8. Aðalmaður í stjórn (til tveggja ára)
9. Tveir varamenn í stjórn (til eins árs)
10. Skoðunarmenn
11. Önnur mál

Tillaga liggur fyrir um breytingar á samþykktum félagsins með hliðsjón af upplýsingum á vef Skattsins (um „allar þær greinar sem þurfa að vera til staðar í samþykktum félagasamtaka“), kórfélagar ættu að hafa fengið upplýsingar um tillöguna í tölvupósti.

---

Aðalfundi Félags eldri Mývetninga,
sem vera átti 11. mars,
er frestað um óákveðinn tíma af
heilsufarsástæðum.
Stjórn Félags eldri Mývetninga
Ásdís Illuga., Ásta Lárusd. og
Halldór Þ. Sigurðsson